

**Ed.**

## **34. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Erlendur Þorsteinsson.

### 1. gr.

Á eftir c-lið 3. greinar laganna bætist nýr liður, er verður d-liður, svo hljóðandi:  
Að innheimta aðflutningsgjöld af efni í kassa um fisk til útflutnings sem um almennan trjávið sé að ræða, enda sé kassaefnið ekki unnið meira en það, að það sé sagað niður í hæfilegar lengdir.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Alþingi 1938 samþykkti með fjárlagaákvæði heimild handa ríkisstjórninni til þess að innheimta sama aðflutningsgjald af kassaefni um fisk til útflutnings, svo unnið sem um ræðir í frumvarpi þessu, sem um almennan trjávið væri að ræða. Hafði samþykkt þessi gildi fyrir árin 1938 og 1939, en af eðlilegum ástæðum, þar sem um fjárlagaheimild var að ræða, ekki lengur.

Með samþykkt þeirri, er hér ræðir um, var fengin viðurkenning af hálfu Alþingis á því, að þágildandi ákvæði í tolllögum um aðflutningsgjöld af fiskkassaefni væru ekki réttmæt, og ríkisstjórninni þar af leiðandi gefin heimild til leiðréttingar.

Við samning fjárlaga fyrir 1940 hefir láðst að endurnýja heimildina til niðurfærslu á þessu aðflutningsgjaldi, og í lögum um tollskrá o. fl., sem samþykkt voru á síðasta þingi, er lagður hár þunga- og verðtollur á þessa vöru, sem lætur nærri, að sé þrefalt hærri en heimilt var að innheimta á árunum 1938 og 1939 samkvæmt framansögðu.

Hið nýja aðflutningsgjald er mjög óhagstætt fyrir framleiðendur sjávarafurða, sem senda afurðir sínar í kössum á erlendan markað, en þessi meðferð vörunnar fer óðum vaxandi og hefir einkum færzt í aukana við hraðfrystingu fiskjar víðsvegar í veiðistöðvum landsins.

Það er full nauðsyn á því, að framleiðendum, sem þurfa kassa undir fisk, hraðfrystan eða ísaðan, til að flytja hann til útlanda, sé ekki íþyngt um of, sem óhjákvæmilega myndi leiða af ákvæðum tollskrárinnar, sé þeim beitt eins og nú eru þau.

Flutningskostnaður milli hafna hérlendis hefir hækkað mjög síðustu mánuðina, þannig að ólíkt herra gjald fellur nú á kassa og kassaefni, sem flutt eru út um land frá kassagerðunum hér syðra, en áður átti sér stað.

Að því athuguðu, er hér að framan greinir, virðist óhjákvæmilegt, ef ekki á að baka útflytjendum utan Reykjavíkur lítt bærán umbúðakostnað á fisk þann, er þeir senda í kössum á erlendan markað, að ríkisstjórnin hafi áframhaldandi þá heimild, er hún hefir haft til málamiðlunar í þessu efni.

Flutningsmönnum þessa máls þykir betur fara á því, að heimildin sé í tolllögum sjálfum, heldur en í heimildagrein fjárlaga á hverju ári.